

Nefndasvið Alþingis  
B.t. fjárlaganefndar  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 10. október 2022

## Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, 1. mál

Fjárlaganefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, 1. mál.

Hér fyrir neðan er samantekt yfir helstu athugasemdir SI:

- Beita á ríkisfjármálum með virkum hætti til að renna stoðum undir stöðugleika og tryggja skuldastöðu sem er sjálfbær og gefur svigrúm til að nýta þetta tæki hagstjórnar til að draga úr efnahagsniðursveiflum framtíðar.
- Forgangsraða þarf í fjármálum ríkissjóðs með áherslu á þá þætti sem styrkja framboðshlið hagkerfisins og styðja við vöxt nýrra útflutningsstoða.
- Með áherslu á menntun, innviði, nýsköpun og fleiri þætti sem skapa samkeppnishæfara starfsumhverfi fyrirtækja má auka framleiðni og verðmætasköpun.
- Álögur ríkissjóðs á íslensk fyrirtæki eru íþyngjandi fyrir atvinnulífið. Háir skattar og gjöld eru byrði fyrir fyrirtækin að bera í samkeppni. Með lækkun tryggingagjalds og fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði má skapa samkeppnisforskot. Einnig skiptir miklu að eftirlits- og þjónustugjöld séu lág. Með lækkun á þessum álögum má efla fyrirtækin til aukinnar verðmætasköpunar.
- Samtökin fagna áherslum í frumvarpinu á nýsköpun og eflingu hugverkaiðnaðar og sérstaklega þeim fyrirætlunum stjórnvalda að viðhalda endurgreiðslukerfi vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar. Útgjöld til málaflokksins munu bera ríkulegan ávöxt eins og fram kemur í frumvarpinu.
- Gæta þarf hófs við álagningu umhverfisgjalda og um leið tryggja að þau skili sér í umhverfis- og loftlagsaðgerðir. Þannig verði komið á grænum hvötum í samræmi við þau umhverfisgjöld sem atvinnulíf er að greiða og þau stuðli að umbótaverkefnum hjá atvinnulífi, sér í lagi nýsköpun og grænna fjárfestinga.
- Öflugir innviðir styrkja framboðshlið hagkerfisins. Samtökin lýsa áhyggjum af því að dregið sé úr fjárfestingum ríkisins í frumvarpinu. Samdráttur í innviðafjárfestingum ríkisins, m.a. í vegakerfinu skv. frumvarpinu, vekur ugg um að framundan sé tímabil þar sem þörf efnahagslífsins og samfélagsins fyrir innviðaupbyggingu verði ekki mætt með fullnægjandi hætti. Mikilvægt er að mati SI að fallið sé frá þessum niðurskurði.
- Fjölgun iðnmenntaðra á vinnumarkaði styrkir framboðshlið hagkerfisins. Það eru vonbrigði að hvergi er minnst á nýjan Tækniskóla í fjármálafrumvarpinu. SI hvetja stjórnvöld til þess að setja nýjan Tækniskóla á dagskrá enda rímar það við helstu áherslur fjármálaáætlunar um nám í takti við þarfir samfélags og fjölgun útskrifaðra úr starfs- og tækninámi. SI hvetja stjórnvöld til þess að auka framlög í Vinnustaðanámssjóð, en við blasir að framlög þyrftu að vera allt að 50% hærri en þau eru, ef miðað er við þá fjölgun sem orðið hefur á starfsnámsnemum.

## Áherslur og forgangsmál í ríkisfjármálum

Niðursveiflan í efnahagslífinu 2019 reyndist ríkissjóði kostnaðarsöm. Jukust skuldir ríkissjóðs hratt á tíma samdráttarins. Lögðu samtökin áherslu á að leið vaxtar – að veita atvinnulífinu svigrúm til að skapa aukin verðmæti – væri farsælasta leiðin út úr skuldasöfnuninni. Bentu samtökin á að leið skattlagningar myndi hefta vöxt atvinnulífs og tefja endurreisnina.


Eftir hraðan vöxt hagkerfisins undanfarið hefur staða ríkissjóðs batnað. Hallinn á ríkissjóði hefur minnkað umtalsvert og skuldahorfur ríkissjóðs batnað líkt og fram kemur í fjárlagafrumvarpinu. Gert er ráð fyrir að hlutfall skulda ríkissjóðs af landsframleiðslu lækki á milli ára og fari í 33% í lok næsta árs. Einnig er áætlað að hallinn á ríkissjóði verði 89 ma.kr. á næsta ári sem er um 95 mö.kr. minni en á gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár 2022. Staða ríkisins er því að batna verulega. Til að bæta stöðu ríkisfjármála enn frekar er leið vaxtar áfram farsælasta leiðin.

Verkefni hagstjórnar er um þessar mundir ekki síst að leggjast á árar með Seðlabanka Íslands og aðilum vinnumarkaðarins í því að skapa stöðugleika. Við þessar aðstæður þarf að draga úr halla ríkissjóðs umfram það sem leiðir af auknum efnahagssumsvifum líkt og segir í frumvarpinu. Verðbólgan er mikil og slakinn horfinn úr hagkerfinu. Horfur eru hins vegar á því að úr verðbólgunni dragi nokkuð hratt á næstunni og að hagvöxtur hægi á sér umtalsvert. Raunar er sú þróun þegar hafin en verðbólgan hefur hjaðnað nokkuð undanfarið og vísbendingar eru um að spennan í þjóðarbúskapnum hafi náð hámarki.

Mikilvægt er að stjórnvöld gæti að því við þessar aðstæður að styrkja vaxtargetu hagkerfisins og byggja áfram undir nýjar stoðir með tilheyrandi hagvexti og fjölgun starfa líkt og kemur fram í frumvarpinu. Segja má að í þessu felist fyrst og fremst að tryggja að mannaúður, innviðir, nýsköpun og aðrir þættir sem hagkerfið þarf til vaxtar mæti þörfum atvinnulífisins. Með aðgerðum sem styðja þannig við framboðshlið hagkerfisins og efla samkeppnishæfni fyrirtækjanna í landinu má renna styrkari stoðum undir framleiðni, stöðugleika og hagvöxt litið til framtíðar.

Verðmætasköpun sem byggir á öflugu, fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi er forsenda góðra lífsskjara. Samkeppnishæfni íslensks iðnaðar ræðst að miklu leyti af þeirri umgjörð sem stjórnvöld skapa. Með réttum aðgerðum má auka samkeppnishæfnina líkt og með röngum aðgerðum má draga úr henni.

**Hagvöxtur, verg landsframleiðsla, magnbreyting frá fyrra ári (%)**



Nýleg niðursveifla í íslensku hagkerfi undirstrikar mikilvægi fjölbreytts efnahagslífs og vaxtar nýrra atvinnugreina fyrir stöðugleika og hagvöxt. Hagkerfi sem byggir á fáum atvinnugreinum er líklegra til að verða fyrir höggi með tilheyrandi sveiflum og því þarf að fjölga stoðum útflutnings. Í því ljósi er mjög jákvætt að sjá vöxt hugverkaiðnaðar á síðustu misserum en hugverkaiðnaður er nú fjórða stoð útflutnings á Íslandi og gæti orðið sú stærsta ef rétt er á málum haldið. Drifkraftur frumkvöðla hefur þar farið saman við veigamiklar umbætur stjórnvalda í þágu nýsköpunar.

Hagkerfið tók við sér á öðrum ársfjórðungi síðastliðins árs og hefur vaxið nokkuð síðan. Mældist hraður hagvöxtur á fyrri hluta þessa árs eða 6,8%. Þjóðhagsspá sú sem liggur til grundvallar fjárlagafrumvarpinu gerir ráð fyrir það hægi á hagvextinum á næstunni og að hann verði um 2,7% á næsta ári. Í ljósi efnahagsþróunar í helstu viðskiptalöndum Íslands er hættan sú að vöxturinn verði enn minni. Má í því sambandi nefna að Seðlabankinn spáir 1,9% hagvexti á næsta ári og atvinnuleysi fari þá að aukast á ný. Við þurfum og eigum að geta gert betur en það. Með aukinni samkeppnishæfni má skapa aukinn vöxt, heimilum og fyrirtækjum landsins til aukinnar hagsældar.

### Græn iðnbylting

SI vekja athygli á að iðnaðurinn vinnur nú hörðum höndum að því að draga úr losun og leita nýrra leiða til að ná þeim markmiðum með því að skoða og innleiða aðra orkugjafa. Þannig er græn iðnbylting nú þegar hafin. Árið 2040 á Ísland að verða óháð jarðefnaeldsneyti og kolefnishlutlaust samkvæmt markmiðum stjórnvalda. Stjórnvöld og atvinnulíf þurfa að taka höndum saman til að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið og það gæti orðið kostnaðarsamt ef ekki verður staðið við þær skuldbindingar sem fylgja Parísar-sáttmálanum. Íslensk iðnfyrirtæki eru miðpunkturinn í grænni iðnbyltingu sem er hafin og ætla ekki að láta sitt eftir liggja.

Starfsumhverfi fyrirtækja mun ráða miklu um það hvort markmið stjórnvalda náist en það þarf fjárfestingar og nýjar lausnir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Með stöðugu, hagkvæmu og skilvirku starfsumhverfi er líklegra að markmiðin náist. Í fyrirsjáanlegu umhverfi verða fjárfestingar meiri og þess vegna ýtir stöðugleiki undir fjárfestingar, hvort heldur er efnahagslegur stöðugleiki, pólitískur stöðugleiki eða stöðugleiki á vinnumarkaði. Hagkvæmni er lykillinn að breytingum sem þessum. Beita þarf opinberum fjármálum með gjaldtöku en ekki síður með jákvæðum efnahagslegum hvötum til að flýta fjárfestingu í nýrri tækni sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda. Tryggja þarf að fjármunir sem fyrirtæki greiða fyrir losun skili sér aftur til málaflokksins í formi ívilnana eða styrkja til fjárfestinga. Skilvirkt starfsumhverfi, sér í lagi þar sem hindrunum er rutt úr vegi og opinberum innkaupum beitt í þágu loftslagsmála, mun þurfa til að ná settum markmiðum. Stjórnvöld geta þannig haft mikil áhrif á þróunina.


SI benda á að samkvæmt könnun sem Outcome framkvæmdi fyrir samtökin meðal stjórnenda íslenskra iðnfyrirtækja í febrúar 2022 segja 67% stjórnenda iðnfyrirtækja að sjálfbærni skipti miklu máli fyrir þeirra fyrirtæki og ekki nema 6% að það skipti litlu eða engu máli fyrir reksturinn. Með sjálfbærni er átt við að þörfum samtímans sé mætt án þess að dregið sé úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta sínum þörfum. Meirihluti iðnfyrirtækja hefur sett sér markmið á sviði loftslagsmála. Úr sömu könnun má lesa að stjórnvöld geta stutt við aðgerðir fyrirtækja í loftslagsmálum, m.a. með eflingu innviða, s.s. uppbyggingu raforkukerfa, meðhöndlun úrgangs og með skattalegu hagræði eða ívilnunum. Aðspurðir að því hvernig hið opinbera, ríki og sveitarfélög, geti stutt við aðgerðir fyrirtækja í loftslagsmálum svara flestir eða 62% með eflingu innviða, s.s. uppbyggingu raforkukerfa og meðhöndlun úrgangs. Um helmingur segja með skattalegu hagræði eða ívilnunum eða með fjárhagslegum hvötum.

Íslenskur iðnaður leikur stórt hlutverk þegar kemur að tækniþróun, nýsköpun, hönnun og umhverfisvænum lausnum og hefur þegar stigið stór skref fram á við í þeirri vegferð að ná fram nauðsynlegum umbreytingum í sinni starfsemi. Framtakssemi fyrirtækja og virkur stuðningur stjórnvalda í þágu nýsköpunar og fjárfestinga mun varða leiðina að tæknilausnum og umbreytingum í þágu bættrar heilsu jarðar. Til að metnaðarfull markmið stjórnvalda verði að veruleika þarf virka aðkomu íslensks iðnaðar og mikilvægt er að réttir hvatar séu til staðar til að sú umbreyting sem þarf að eigi sér stað raungerist.

Þá benda SI á að hér á landi hafa verið innleiddar fjölmargar tegundir umhverfisgjalda í iðnaði og á öðrum sviðum atvinnulífs. Má nefna gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs eða notkunar á tilteknum efnum sem og skila- eða kolefnisgjöld. Í grunninn er tilgangur umhverfisgjalda að tryggja að sá sem mengar eða hefur áhrif á umhverfi sitt standi undir þeim kostnaði sem til fellur að bregðast við slíkum áhrifum. Gjöldin geta annaðhvort verið í formi skatts eða þjónustugjalds og eru þessir gjaldstofnar farnir að skila talsverðum tekjum í ríkissjóð. Í einhverjum tilvikum vantar fyrirsjáanleika auk þess sem gagnsæi þarf að ríkja um ákvörðun þessara gjaldstofna og hvort að ávinningurinn sé sannarlega nýttur í þágu umhverfisaðgerða en að ekki sé um að ræða nýja tekjustofna í þágu almennrar tekjuöflunar hins opinbera. Frá árinu 2010 og til ársins 2023 m.v. fjárlagafrumvarpið mun ríkissjóður innheimta samtals 68 ma.kr., á verðlagi þessa árs.

Tryggja þarf að gjaldtakan sé ekki án takmarkana og að hún sé ekki fram úr hófi. Í því skyni má nefna gífurlegar kostnaðarhækkningar á vettvangi sveitarfélaga, s.s. Sorpu, vegna meðhöndlunar úrgangs þar sem gjaldtaka á einstaka liði hefur meira en þrefaldast á undanförunum tveimur árum. Möguleikar fyrirtækja og almennings til að mæta umræddum hækkunum eru takmarkaðir.

#### Árlegar tekjur ríkisins af kolefnisgjaldi frá því að innheimta hófst Í milljörðum kr.



Tryggja þarf eðlilegt aðhald með gjaldheimtu vegna meðhöndlunar úrgangs á sama tíma og leitað er allra leiða til að auka endurvinnsluhlutfall úrgangs. Tryggja þarf að umhverfisgjöld hér á landi skili sér aftur í stuðning við aðgerðir á sviði umhverfis- og loftslagsmála, s.s. gjöld vegna ETS kerfisins og kolefnisgjöld svo fáein dæmi séu nefnd. Verði slíkum fjármunum ekki beint aftur í aðgerðir á þessu sviði er slík gjaldtaka bara eins og hver önnur skattheimta, nema hún vinnur í raun gegn markmiðum um árangur í umhverfis- og loftslagsmálum, m.a. í ljósi þess að slíkar álögur grafa undan samkeppnishæfni íslensks iðnaðar sem notar mestmegnis endurnýjanlega orku.

Ísland er þátttakandi í grænni iðnbyltingu þar sem ríki heims hafa tekið sig saman um að skipta út orkugjöfum og bæta framleiðsluferla í þágu bættrar heilsu jarðar, enda er áskorun í loftslagsmálum sameiginlegt hagsmunamál allra þjóða. SI ítreka í því skyni að beita þarf opinberum fjármálum með gjaldtöku en ekki síður með jákvæðum efnahagslegum hvötum til að flýta fjárfestingu í nýrri tækni sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og tryggja þarf að fjármunir sem fyrirtæki greiða fyrir losun skili sér aftur til málaflokksins í formi ívilnana eða styrkja til fjárfestinga.

Mikilvægt er því að skapa traust til þess að umhverfisgjöld séu sannarlega nýtt í græn verkefni. Nýir umhverfisskattar eða frekari hækkanir á fyrirliggjandi gjöldum skerða verulega samkeppnishæfni íslenskra fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni gagnvart keppinautum í nálægum löndum sem þurfa ekki að standa undir sambærilegum gjöldum. Með álagningu slíkra gjalda, s.s. kolefnisgjalda af ýmsum toga, þá er sú hætta til staðar að verið sé að hygla fyrirtækjum í þeim ríkjum sem ekki er krafa um greiðslu slíkra gjalda en eru að jafnaði með mun óhagstæðara kolefnisfótspor.

### **Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi**

Framtíðarhorfur í opinberum fjármálum velta á hagvexti sem er á herðum atvinnulífsins að skapa. Starfsumhverfi fyrirtækja þarf að vera skilvirkt, hagkvæmt og stöðugt eigi það að efla samkeppnishæfni atvinnulífsins og vera rót aukinnar verðmætasköpunar og fjölgunar starfa.

Í lok september síðastliðnum gáfu Samtök iðnaðarins út skýrslu um starfsumhverfi fyrirtækja þar sem er að finna 26 umbótatillögur til að efla samkeppnishæfni og stuðla að aukinni verðmætasköpun. Meðal þess sem þar kemur fram er að stöðugt starfsumhverfi skapar skilyrði fyrir samkeppnishæft atvinnu- og efnahagslíf en með stöðugleika er lagður grunnur að fjárfestingum í hagvexti framtíðarinnar. Einnig kemur fram í skýrslunni að hagkvæmt starfsumhverfi skapar samkeppnisforskot þegar álögur skatta og gjalda eru lágar í alþjóðlegum samanburði. Slíkt umhverfi fyrirtækja gefur fyrirtækjunum sterkari stöðu í samkeppni við erlenda keppinauta og eykur þannig verðmæta- og atvinnusköpun. Auk þessa kemur fram í skýrslunni að skilvirkt starfsumhverfi dregur úr sóun og kostnaði, efnahagslífinu til heilla, með einföldu regluverki og eftirliti sem er fyrirsjáanlegt og ekki óhóflega íþyngjandi. Það skiptir fyrirtækin máli að fá hæft fólk til vinnu og launakostnaður er gjarnan stór útgjaldaliður.

Vísað er til skýrslunnar varðandi tillögurnar í heild og umræðu um þær en hér fyrir neðan eru þær helstu sem varða frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár. Ráðast þarf í þær til að ná fram samkeppnishæfara starfsumhverfi þannig að íslensk fyrirtæki fái tækifæri til að skapa fleiri störf og meiri verðmæti.<sup>1</sup>

#### *Verkefnið er að tryggja stöðugleika*

Verkefnið nú snýr að því að skapa jafnvægi í uppsveiflunni, þ.e. að draga úr þeirri miklu verðbólgu sem hefur fylgt ójafnvægi á framboðs- og eftirspurnarhlið efnahagslífsins samhliða því að hagkerfið hefur tekið við sér á ný eftir niðursveiflu síðustu ára. Stjórnvöld þurfa að ráðist í aðgerðir til að auka framboð og skapa þannig greiðari leið fyrir hagkerfið til að vaxa.

---


<sup>1</sup> [Ný skýrsla SI með 26 umbótatillögum | Fréttasafn | Samtök iðnaðarins - íslenskur iðnaður](#)

Hvað varðar fjármál ríkis og sveitarfélaga er mikilvægt að þeim sé beitt með virkari hætti en verið hefur til að skapa stöðugleika. Verkefnið nú er að beita aðhaldi í opinberum rekstri og skapa skuldastöðu sem er sjálfbær og gefur möguleika til að nýta þetta tæki hagstjórnar til að draga úr efnahagsniðursveiflum framtíðar. Stjórnvöld eiga að leggja áherslu á þá þætti sem styðja við framboðshlið hagkerfisins og auka þannig verðmætasköpun litið til lengri tíma. Má þar nefna aðgerðir á sviði mannauðs, innviða og nýsköpunar.

Í peningamálum er mikilvægt að beita tækjum Seðlabankans með virkum hætti til að halda verðbólgu lágri og tryggja fjármálastöðugleika. Verkefnið nú er að ná verðbólgu og verðbólguvæntingum niður í markmið peningastefnunnar án þess þó að hægja of mikið á ferðinni.

Verðbólga og hærri vextir bitna á fyrirtækjum og heimilum landsins. Sú staðreynd að stýrivextir eru hærri hér en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við endurspeglar að hluta að Seðlabankinn hefur farið hraðar í hækkun stýrivaxta en flestir erlendir seðlabankar. Það hefur vakið upp spurningar um hvort bankinn sé að stíga of hart á bremsuna. Líkur eru á að hjöðnun verðbólgunnar á næstu mánuðum verði mun hraðari en bankinn reiknaði með í síðustu verðbólguþá sinni. Hóflægri hækkun stýrivaxta nú í byrjun október en undanfarna mánuði er til vitnis um að peningastefnunefnd bankans sé að viðurkenna þetta auk þess að áhyggjur nefndarinnar af hagvaxtarþróuninni litið til næstu missera hafi aukist.

**Verðbólga á Íslandi, %**  
2012-2022



Verðbólgan nú er helst af tvennum toga. Annars vegar er um að ræða verðbólgu vegna mikillar erlendra verðbólgu og ekki síst vegna hækkunar á verði hrávara og olíu tengt bæði heimsfaraldri Covid-19 og innrásar Rússa í Úkraínu. Sá hluti verðbólgunnar er innfluttur og utan áhrifasviðs Seðlabankans og ætti því peningastefnunefnd Seðlabankans að horfa framhjá þeim þætti við vaxtaákvörðanir sínar. Hrávöruverð og olía hafa lækkað nokkuð á heimsmarkaði undanfarið og gefur það vonir um að þessi þáttur verðbólgunnar fari minnkandi. Áhrifa vegna röskunar á aðfangakeðjum heimsins mun þó gæta eitthvað áfram.

Hins vegar er um að ræða verðbólgu sem er til komin vegna mikillar hækkunar á húsnæðisverði. Húsnæðisverð hefur hækkað hratt síðustu misseri vegna misvægis í framboði og eftirspurn á þeim markaði um margra ára skeið. Stór þáttur í því er að of fáar íbúðir hafa verið byggðar undanfarin 15 ár eða svo. Stjórnvöld þurfa að ráðist að rótum þess vanda með aðgerðum sem draga úr takmörkunum og töfum s.s. með auknu lóðaframboði. Skref í þá átt er rammasamningur ríkis og sveitarfélaga um uppbyggingu 35 þúsund íbúða á næstu tíu árum. Sammælast þessir aðilar þar með í fyrsta sinn um stefnu og aðgerðir til að tryggja húsnæðisuppbyggingu í samræmi við þörf.

Til að skapa stöðugleika á húsnæðismarkaði skiptir mestu máli að öll sveitarfélögin fylgi samkomulaginu eftir og verði þannig hluti af lausn vandans. Því fylgir að breyta skipulagi í þágu aukinnar uppbyggingar, taka stjórnvöld húsnæðisuppbyggingar til gagnerrar endurskoðunar í þágu skilvirkni, gera lóðir tilbúnar og aðgengilegar og byggja nauðsynlega innviði.

#### *Hið opinbera á ekki að leiða launaþróunina*

Kjarasamningar sem undirritaðir voru í apríl 2019 og ná til meirihluta alls almenna vinnumarkaðarins á Íslandi renna út í byrjun nóvember 2022. Það eru ríflega 300 kjarasamningar stéttarfélaganna sem semja fyrir meginþorra launþega. Farsæl niðurstaða nýrra kjarasamninga er lykilþáttur í því að ná tókum á verðbólgu og vaxtastigi. Meginmarkmiðið ætti að vera að viðhalda stöðugleika á vinnumarkaði og varðveita þann árangur sem náðst hefur á síðustu árum en frá árinu 2012 hefur kaupmáttur launa aukist um 55-57% á sama tíma og kaupmáttur hefur aukist um 2-10% á hinum Norðurlöndunum. Þrátt fyrir áföll á núverandi samningstímabili jókst kaupmáttur launa skv. launavísitölu Hagstofu frá apríl 2019 til apríl 2022 um 8,6% og kaupmáttur lægsta umsamda launataxta um 9,7%.

Hið opinbera, ríkið en einkum sveitarfélögin, hefur á síðustu árum leitt launaþróun hér á landi. Tölur um launahækkanir síðustu ára tala sínu máli. Á tíma Lífskjarasamningsins frá mars 2019 hafa laun hjá opinberum starfsmönnum hækkað um 18,7% samanborið við 14% á almenna markaðinum. Á þessum tíma hefur opinberum starfsmönnum líka fjölgað umtalsvert eða um 12% á sama tíma og starfsmönnum á almennum vinnumarkaði fækkaði um 2%. Nú eru opinberir starfsmenn rétt ríflega 77 þúsund eða um 32% af heildarfjölda starfandi hér á landi.

#### *Lækka þarf íþyngjandi álögur*

Um 40% verðmætasköpunar íslenska hagkerfisins rennur til stjórnvalda í formi skatta og gjalda. Hlutfallið er hátt í alþjóðlegum samanburði. Álögur hins opinbera á fyrirtæki og heimili í landinu í formi skatta og gjalda eru því miklar í samanburði við flest önnur ríki. Álögur á íslensk fyrirtæki eru af ýmsum toga og margar mjög íþyngjandi fyrir atvinnulífið. Háir skattar og gjöld eru byrði fyrir fyrirtækin að bera í samkeppni. Með lækkun tryggingagjalds og fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði má skapa samkeppnisforskot. Einnig skiptir miklu að eftirlits- og þjónustugjöld séu lág. Með lækkun á þessum álöfum má efla fyrirtækin til aukinnar verðmætasköpunar.


Líkt og kemur fram í fjárlagafrumvarpinu er mikilvægt að umgjörð efnahagslífsins sé samkeppnishæf og skattbyrðin er hófleg en með slíkrri hagstjórn getur hagkerfið dafnað og skilað aukinni verðmætasköpun. Stjórnvöld þurfa að setji stefnu í skattamálum þar sem horft er til þess að efla samkeppnishæfni atvinnulífs. Skattaumhverfið þarf að vera stöðugt, álögur lágar, reglur einfaldar og skýrar og skattframkvæmdin fyrirsjáanleg. Stefna stjórnvalda þar sem leiðarljósið er lágir skattar og gjöld í samanburði við helstu samkeppnislönd skapar mikilvægan þátt í samkeppnishæfni fyrirtækja.

### Tryggingagjald lækkað

Samtök iðnaðarins lýsa vonbrigðum sínum með að ekki sé gert ráð fyrir lækkun tryggingagjalda í fjárlagafrumvarpinu. Tryggingagjald er skattur sem launagreiðendur bera af greiddum launum og er stór kostnaðarliður fyrir íslenskan vinnumarkað. Gjaldið eykur kostnað fyrirtækja við hvern starfsmann á launaskrá og dregur með því úr svigrúmi til launahækkana, ráðninga, fjárfestinga og annarra umsvifa. Gjaldtakan er áætluð yfir 118 ma.kr. árið 2022 og tæplega 127 ma.kr. á árinu 2023. Hækkar gjaldið sem hlutfall af landsframleiðslu úr 3,0% í 3,3% á milli ára. Hátt tryggingagjald kemur verst niður á þeim fyrirtækjum þar sem launahlutfallið er hátt, þ.e. þar sem kostnaður einskorðast fyrst og fremst við laun og launatengd gjöld. Það á við um mörg iðnfyrirtæki líkt og verkfræðistofur, arkitektastofur og ýmis fyrirtæki í hugverkaiðnaði. Tryggingagjaldið veikir samkeppnishæfni innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum og dregur úr getu fyrirtækjanna að ráða til sín starfsmenn og þar með er dregið úr tekjugrunni tryggingagjaldsins.

Laun á Íslandi eru há í sögulegu og alþjóðlegu ljósi. Hlutfall launa í landsframleiðslu er einnig hátt. Það er áskorun fyrir atvinnulífið að skapa hagvöxt við þessi skilyrði. Leiðin í átt að aukinni velsæld og sterkari ríkisfjármálum er vöxtur en ekki aukin skattlagning. Nú þegar efla þarf verðmætasköpun og fjölga störfum í einkageiranum þarf tryggingagjaldið að lækka. Lækkun gjaldsins þarf ekki að þýða minni tekjur til ríkissjóðs aukist atvinnusköpun á móti.

**Tryggingagjöld, ma.kr.**



Sveiflujöfnun atvinnuþryggingagjaldsins, þ.e. sá hluti tryggingagjaldsins sem ætlað er að fjármagna atvinnuleysistryggingar, er best tryggð með ákvörðun hlutfalls þess til langs tíma sem tekur tillit til áætlaðs jafnvægis atvinnuleysis og gildandi bótaréttar. Fjármögnunarvandi blasir við varðandi lífeyri almannatrygginga til framtíðar. Aukin réttindi og fjölgun lífeyrisþega hefur aukið kostnað sem að hluta er fjármagnaður með tryggingagjaldinu. Litið til framtíðar er augljóst að kostnaði ríkisins vegna þessara lýðfræðilegu breytinga verður ekki varpað yfir á tryggingagjaldið án neikvæðra afleiðinga á atvinnusköpun og samkeppnisstöðu atvinnulífsins.

Samtökin fagna því sem fram kemur í frumvarpi til fjárlaga að framundan er endurskoðun tryggingagjalds, m.a. með tilliti til samspils atvinnuþryggingagjalds og almenna tryggingargjaldsins. Telja samtökin að heildarendurskoðun þurfi að fara fram á fyrirkomulagi tryggingagjalds svo unnt sé að standa vörð um markmið tryggingakerfisins til framtíðar. Breyta þarf kerfinu til að auka fyrirsjáanleika, gagnsæi, trúverðugleika og sjálfbærni tryggingakerfisins til framtíðar.




### Lækka fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði

Fasteignaskattar eru álögur sem greiddar eru samkvæmt árlegu mati á verðmæti húsnæðis. Álagningarhlutfall fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði er margfalt hærra en af íbúðarhúsnæði og hefur orðið sífellt meira íþyngjandi fyrir atvinnurekendur á Íslandi á síðustu árum. Það skýtur skökku við að skattar á atvinnuhúsnæði séu í hækkunartakti sem er mun hraðari en verðmætasköpun í hagkerfinu. Auk þess eru reglur um útreikninga fasteignaskatta afar óheppilegar og ósanngjarnar. Skattstofn fasteignaskatta ræðst af markaðs- eða leiguverði. Álagning fasteignaskatta er beintengd við þróun fasteignamats sem aftur þróast í takt við mat Þjóðskrár um þróun verðs atvinnuhúsnæðis en það mat er háð mikilli óvissu. Í kerfinu felst hvati fyrir sveitarfélög að takmarka lóðaframboð því þannig geta þau þrýst verði íbúða upp og sínum tekjum af fasteignasköttum. Það er því hvati í kerfinu til að skapa lóðaskort. Fyrirkomulagið sem er við lýði veldur ófyrirsjáanleika sem er afar óhentugt fyrir atvinnustarfsemi í landinu. Þessi háa skattlagning dregur úr samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og þar með getu fyrirtækja til að skapa störf og verðmæti.

Fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði hafa hækkað mikið á síðustu árum. Í ár eru þeir áætlaðir tæpir 31 ma.kr., um 17 mö.kr. hærri en fyrir áratug síðan. Álagðir fasteignaskattar á íslensk fyrirtæki eru mjög háir í alþjóðlegum samanburði. Þeir eru t.d. mun hærri hér en á hinum Norðurlöndunum. Fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði voru um 0,9% af landsframleiðslu í fyrra samanborið við 0,2% í Noregi og um 0,4% í Finnlandi og Svíþjóð.

**Fasteignaskattar á atvinnulíf árið 2020,**  
% af VLF



Álagningarprósenta fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði er almennt lægri í Skandinavíu en hér. Einnig er álagningarstofninn almennt lægra hlutfall af metnu markaðsvirði eignanna. Í Noregi má skatthlutfallið fara í hámark 0,7% og skattstofninn að hámarki 70% af markaðsvirði. Hér á landi má skatthlutfallið fara í 1,65% og er skattstofninn 100% af markaðsvirði. Aðferð við útreikning skattstofns er einnig önnur og hafa takmörk verið sett í undanförunum hækkunum á húsnæðisverði. Í Danmörku hefur t.d. verið sett bann eða miklar takmarkanir á hversu mikið grunnur skattlagningarinnar hefur mátt hækka árlega. Þannig hefur verið takmarkað eða komið í veg fyrir að mikil hækkun á húsnæðisverði hafi skilað verulega aukinni skattlagningu á tíma niðursveiflu í efnahagslífinu.

### Virðisaukaskattskerfið samræmt

Virðisaukaskattur skilar þremur af hverjum fjórum krónum sem hið opinbera fær í tekjur af neyslusköttum.

Álagning virðisaukaskatts á vörur og þjónustu fyrirtækja hefur því veruleg áhrif á starfsumhverfi þeirra og því mikilvægt að tryggja aukna skilvirkni og fyrirsjáanleika í framkvæmd skatteftirlits með virðisaukaskatti. Lögin eru komin til ára sinna og þörf á heildarendurskoðun þeirra með það að markmiði að einfalda þau og auka skilvirkni og fyrirsjáanleika í framkvæmd skatteftirlits. Ennfremur er mikilvægt að endurskoðun endurspegli atvinnu- og skattastefnu stjórnvalda þar sem tryggt er að skattheimtan hygli ekki erlendum keppinautum á kostnað innlendrar framleiðslu en jafnframt horft til þess að skapa jákvæða hvata sem styðja við markmið stjórnvalda, m.a. í umhverfismálum og uppbyggingu innviða og mannvirkja. Málsmeðferðartími Skattsins í virðisaukaskattsmálum er óhóflega langur og afgreiðsla mála á tíðum ekki í samræmi við meginreglur stjórnsýsluréttar. Þörf er á að hægt sé að sækja áreiðanlegar leiðbeiningar til skattayfirvalda og koma í veg fyrir að sambærileg viðskipti séu skattlögð með ólíkum hætti milli gjaldára án þess að breytingar hafi orðið á regluverki.

Mikilvægt er að virðisaukaskattur veiki ekki samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja gegn erlendum keppinautum. Til að mynda býr íslenskur prentiðnaður við skerta samkeppnisstöðu vegna þess að lagður er lægri virðisaukaskattur á innflutt prentverk (11%) en á innlenda prentþjónustu (24%). Þetta misræmi stuðlar að því að hagkvæmara er láta prenta íslensk verk erlendis og flytja þau til landsins frekar en prenta þau hérlandis. Með aðgerðum sínum hygla stjórnvöld beinlínis erlendum fyrirtækjum á kostnað innlendra. Um 80% íslenskra verka eru prentuð erlendis.

Það skýtur skökku við að stjórnvöld skapi slíka hvata þvert á önnur markmið en íslensk framleiðsla styður við atvinnusköpun í landinu og er einnig umhverfisvænni valkostur. Annað dæmi um ósamræmi í virðisaukaskattskerfinu er að einkareknar húðmeðferðarstofur bjóða í auknum mæli upp á þjónustu sambærilega við meðferðir á snyrtistofum. Þjónusta snyrtifræðinga ber almennan virðisaukaskatt 24% en enginn virðisaukaskattur er lagður á þjónustu heilbrigðisstarfsfólks sem skekkir verulega samkeppnisstöðu snyrtifræðinga. Með þessu hygla stjórnvöld tiltekinni starfsemi á kostnað annarrar.

#### *Þjónustugjöld gagnsærri*

Fyrir utan skatta sem lagðir eru á til almennrar tekjuöflunar innheimta ríki og sveitarfélög margvísleg þjónustugjöld sem ætlað er að standa undir kostnaði við sértæka þjónustu. Almenna krafan er sú að þjónustugjöld styðjist við lagaheimild og að ákvörðun um fjárhæð þjónustugjalds verði að byggja á traustum útreikningi á þeim kostnaði sem hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Iðnfyrirtæki greiða þannig margvísleg gjöld til eftirlitsstofnana og sveitarfélaga vegna starfsleyfa, vinnuvélaskoðana, stöðuleyfa fyrir gáma, eftirlits og vegna ýmissa annarra kvaða sem fyrirtækjum er gert að sæta.

Heimildum til innheimtu á gjöldum fyrir opinbera þjónustu hefur fjölgað verulega undanfarin ár. Víðtækar heimildir stjórnvalda til að velta kostnaði af framkvæmd stjórnarathafna yfir á fyrirtæki leiðir til skorts á aðhaldi í rekstri þeirra. Þá vantar skýrari umgjörð og aukið gagnsæi um hvernig ákvarðað er hvenær rétt er að leggja á þjónustugjöld og með hvaða hætti. Fyrirtæki sem þurfa starfsemi sinnar vegna að greiða gjöld til að tryggja lögmæti hennar eiga að geta gert þá sanngjörnu kröfu að kostnaður við eftirlit sé skýr, afmarkaður og fyrirsjáanlegur. Takmarkanir þurfa að vera á því hvaða kostnaðarliði megi leggja til grundvallar og tryggja þarf aðhald.

Álagning sveitarfélaga á gjaldi fyrir útgáfu stöðuleyfa fyrir gáma hefur borið þau merki að vera fremur skattur en þjónustugjald. Mörg sveitarfélög miða ekki við þann kostnað sem hlýst af útgáfu stöðuleyfa heldur stærð eða fjölda gáma.

Í þeim tilvikum þegar eitt gjald er tekið, án tillits til stærðar gáma, er fjárhæð gjaldanna mjög ólík á milli sveitarfélaga. Gjaldtaka byggð á stærð og fjölda gáma hefur ekki rúmast innan laga um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerðar samkvæmt úrskurðum úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Samtök iðnaðarins hafa skorað á sveitarfélög að breyta gjaldskráum sínum til samræmis við úrskurði úrskurðarnefndar, en í mörgum tilvikum án aðgerða sveitarfélaga. Eðlilegt er að sveitarfélög láti af innheimtu gjalda fyrir útgáfu stöðuleyfa fyrir gáma sem bera fremur einkenni skatts en þjónustugjalda, í trássi við lög.

Gefin var út skýrsla vinnuhóps um eftirlitsstofnanir á vettvangi forsætisráðuneytisins árið 2014 þar sem kemur fram að hinar ýmsu sértekjur og eftirlitsgjöld kunni að skapa óæskilegan hvata fyrir eftirlitsstofnanir að beina aðgerðum sínum að atriðum sem skapi slíkar tekjur. Sú staða er óheppileg bæði varðandi hvernig fjármunum til eftirlits sé ráðstafað af eftirlitsstofnun og einnig þegar komi að trúverðugleika eftirlitsaðgerðanna. Vinnuhópurinn lagði til að gerð væri breyting á fjármögnun þeirra eftirlitsstofnana sem á þeim tíma sóttu sér sértekjur á grundvelli eftirlitsaðgerða.

Lagði vinnuhópurinn jafnframt til að eftirlitsstofnanir væru nær eingöngu fjármagnaðar af framlögum úr ríkissjóði á fjárlögum og sértekjur eftirlitsstofnana rynnu óskiptar í ríkissjóð. Á undanförunum árum hafa ekki verið gerðar breytingar til að koma til móts við umrædd sjónarmið eða gerð breyting á fjármögnunarfyrirkomulagi eftirlitsstofnana, að öðru leyti en að takmarka svokallaða markaða tekjustofna.

#### *Mótmælum mikilli hækkun krónutölugjalda*


Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að svokölluð krónutölugjöld á olíugjaldi, bensíngjaldi, kílómetragjaldi, bifreiðagjald og áfengis- og tóbaksgjaldi hækki í samræmi við áætlaða vísitölu neysluverðs í árslok eða sem nemur um 7,7%. Sl gagnrýna harðlega áform um hækkun krónutölugjalda. Síðustu ár hafa þessi gjöld árlega hækkað umtalsvert sem hefur komið mjög niður á íslenskum framleiðendum. Bent er á að áfengisgjald á Íslandi er langhæst í Evrópu og hefur gjaldið óhjákvæmilega gríðarlega mikil áhrif starfsumhverfi íslenskra áfengisframleiðenda og komið verulega niður á samkeppnishæfni þeirra.

Til að auka samkeppnishæfni fyrirtækja eða hið minnsta draga ekki úr henni er mikilvægt að halda aftur af hækkunum á sköttum og gjöldum. Ljóst er að slíkar hækkunir munu einnig bitna hart á neytendum enda koma slíkar hækkunir til með að hækka vöruverð og neysluverðsvísitölu. Stjórnvöld ættu öðru fremur að draga úr hömlum og álögum á þessum tímamarki til að styrkja íslenskt atvinnulíf sem skilar sér síðan í aukinni hagsæld. Leggja samtökin því til að hækkun áður nefndra gjalda verið dregin til baka.

#### **Nýsköpun – forsenda framleiðniaukningar og verðmætasköpunar**

Sl hafa lagt ríka áherslu á eflingu nýsköpunar undanfarið ár sem er að mati samtakanna lykillinn að öflugum og fjölbreyttu hagkerfi til framtíðar. Fjárfesting í rannsóknum og þróun, nýsköpun og hugverk eru auðlind nýrrar útflutningsstoðar í hagkerfinu, hugverkaiðnaðar. Samtökin taka undir með því sem fram kemur í umfjöllun um frumvarpið að útgjöld til málaflokksins muni bera ríkulegan ávöxt. Nýsköpun er ein meginforsenda framleiðniaukningar, verðmætasköpunar, samkeppnishæfni og gjaldeyrisöflunar fyrirtækja og þjóða. Vöxtur hugverkaiðnaðar skapar verðmæt og eftirsótt störf. Útgjöldin ríkisins til málaflokks nýsköpunar skila sér í auknum útflutningstekjum Íslands til framtíðar, stærri skattstofni og auknum stöðugleika íslenska hagkerfisins. Áherslum í fjárlögum á rannsóknir og nýsköpun er því fagnað.

### Útflutningstekjur hugverkaiðnaðar, ma.kr.



Samtökin fagna sérstaklega þeim fyrirætlunum stjórnvalda að viðhalda hækkunum á endurgreiðslum vegna rannsókn- og þróunarkostnaðar fyrirtækja en hækkun árið 2018 og aftur árið 2020 hefur skipt sköpum fyrir hugverkaiðnað. Endurgreiðslurnar hafa leitt til fjölgunar starfa og aukinna fjárfestinga í rannsóknum og þróun, til að mynda í líf-, lyfja- og heilbrigðistækni og tölvuleikjaiðnaði, á síðustu tveimur árum. Þetta hefur leitt til vaxtar í útflutningstekjum hugverkaiðnaðar sem námu 192 ma.kr. árið 2021 sem er um 91 mörk meiri útflutningstekjur en árið 2013.

SI vilja í þessu samhengi koma því á framfæri að mikilvægt er að líta á skattahvata á borð við endurgreiðslur vegna rannsóknar og þróunar sem fjárfestingu. Samtökin leggja því til að horfið verði frá því að tala um fjárfestingu í rannsóknum og þróun sem styrki og að frekar verði notast við orðalag á borð við fjárfestingu, skattahvata eða framlag.

Skattfrádráttur vegna rannsókna og þróunar er öflugasta töl stjórnvalda til þess að efla nýsköpun hér á landi og hvetja íslensk fyrirtæki og frumkvöðla til þess að leggja áfram stund á að finna nýjar lausnir og búa til ný verðmæti. Öflugt, samkeppnishæft skattahvatakerfi stuðlar að því að íslensk fyrirtæki haldi áfram starfsemi sinni hér á landi, íslenskir frumkvöðlar stofni fyrirtæki hér og innlendir og erlendir fjárfestar sjái hag sinn í að fjárfesta í íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum. Samtökin leggja því ríka áherslu á að stjórnvöld leitist við að skapa stöðugt og fyrirsjáanlegt nýsköpunarumhverfi enda gera fyrirtæki í rannsóknum og þróun áætlanir til margra ára í senn auk þess sem fjárfestar gera kröfu um samfellu í stuðningi stjórnvalda. Samtökin leggja af þessum sökum áherslu á að áform stjórnvalda um að endurgreiðsluhlutfall og þak vegna kostnaðar sem fellur til við rannsóknir og þróun hjá nýsköpunarfyrirtækjum verði gert varanlegt nái fram að ganga og að útgjöld til málaflokksins haldist í hendur við þau áform.

Samkeppnissjóðir á borð við Tækniþróunarsjóð og Rannsóknarsjóð gegna veigamiklu hlutverki á fyrstu stigum sprotafyrirtækja en fjölmörg öflug nýsköpunarfyrirtæki hefðu aldrei orðið að veruleika ef þessara styrkja hefði ekki notið við. Því fagna SI því að hækkun á framlagi til þessara sjóða verði gerð varanleg. Þetta er fjárfesting til framtíðar sem hefur sýnt sig að skilar sér margfalt til baka til samfélagsins.

Helsta vaxtahindrun hugverkaiðnaðar í dag er skortur á sérfræðipekkingu en samkvæmt greiningu SI er áætlað að um 9.000 sérfræðinga þurfi til að anna eftirspurn og vaxtaráformum í hugverkaiðnaði heilt yfir á næstu 5 árum. Mikilvægt er að efla menntakerfi hér á landi og fjölga útskrifuðum með tæknimenntun eins og nánar verður vikið að hér síðar í umfjöllun um menntamál.

Ljóst er að stór hluti þess mannauðs mun koma erlendis frá og hvetja SI því stjórnvöld til að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga hingað til lands. Það er hægt að gera með einföldun ferla, markaðssetningu og eftirfylgni. Ísland á í samkeppni um hæfileikaríkt fólk við önnur lönd og þarf því að efla hvatakerfi með áframhaldandi skattfrádrætti á tekjum erlendra sérfræðinga auk þess sem markvisst þarf að skapa góða umgjörð um erlenda sérfræðinga og fjölskyldur þeirra.

### **Mannauður sem mætir þörfum atvinnulífsins**

Ef efla á framleiðni og samkeppnishæfni þjóðarinnar þarf að forgangsraða fjármunum til að tryggja framúrskarandi menntun landsmanna. SI horfa m.a. sérstaklega til þess markmiðs stjórnvalda að fjölga útskrifuðum úr starfs- og tækninámi, en eins og margt hefur komið fram þá hefur OECD bent á að misræmi gæti milli þeirrar menntunar sem í boði er og þarfa atvinnulífsins, sem í auknum mæli sækist eftir starfsfólki með sérhæfða færni í verk og tæknigreinum.

Fram kemur hjá stjórnendum fyrirtækja sem tóku þátt í könnun sem Outcome gerði fyrir SI að þeir telji að framboð af sérmenntuðu vinnuafla verði takmarkandi þáttur fyrir vöxt fyrirtækisins lítið til næstu 12 mánaða. 75% eða þrír af hverjum fjórum svara því játandi. Nei segja ríflega 8%. Það stefnir því í óefni. Nú þegar er farið að bera á skorti á sérmenntuðu starfsfólki og hefur framboðið minnkað jafnt og þétt frá því síðasta vetur og vor. Brýn þörf er að bregðast skjótt við og mennta fleira fólk til starfa og þar þarf að leggja sérstaka áherslu á iðn- og starfs- og tæknimenntun.

Það eru ákveðin vonbrigði að sjá að fyrirhuguð framlög til fjárfestinga á framhaldsskólastiginu fylgja ekki fögrum fyrirheitum í stjórnarsáttmála en hvergi er minnst á nýjan Tækniskóla í fjármálafrumvarpinu. Samtök iðnaðarins hvetja stjórnvöld til þess að setja nýjan Tækniskóla raunverulega á dagskrá enda rímar það við helstu áherslur fjármálaáætlunar um nám í takt við þarfir samfélags og fjölgun útskrifaðra úr starfs- og tækninámi.

Nýstofnuð Nemastofa atvinnulífsins mun halda utan um það átak að fjölga vinnustaðanámssplássum í samvinnu við starfsnámskóla og mennta- og barnamálaráðuneytið. Samtök iðnaðarins hvetja stjórnvöld til þess að auka framlög í Vinnustaðanámssjóð í þessu sambandi en við blasir að framlög þyrftu að vera allt að 50% hærra en þau eru, ef miðað er við þá fjölgun sem orðið hefur á starfsnámsnemum. Mikilvægt er að endurskoða lög um vinnustaðanámssjóð hið fyrsta. Samtökin fagna því að til standi að fylgjast með áhrifum rafrænnar ferilbókar á starfsþjálfun og tímalengd hennar en hvetja enn fremur til þess að rafrænar ferilbækur verði lögleiddar í öllum greinum starfsnáms. Með tilkomu Nemastofu atvinnulífsins eykst yfirsýn yfir fjölda nemenda í vinnustaðanámi auk þess sem aðgengi nemenda að starfsnámi verður bætt og einfaldað. Þannig verður hægt að mæta þörfum atvinnulífsins og hægt að tryggja að mannauðurinn búi yfir færni sem stenst samanburð við það sem best gerist.

Hlutfall fullorðinna sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi hefur farið lækkandi- var 27% árið 2012 og komið niður í 21,2% árið 2020. Margir skólar og fræðsluaðilar eiga þátt í þessum árangri, ekki hvað síst framkvæmdaraðilar framhaldsfræðslunnar, símenntunarmiðstöðvar og aðrir viðurkenndir fræðsluaðilar.

SI fagna því að til standi að endurskoða löggjöf um framhaldsfræðslu í breiðu samráði til að tryggja að framhaldsfræðslukerfið sé í stakk búið til að takast á við samfélagsþróun, m.a. vegna loftslagsbreytinga og tæknivæðingar á vinnumarkaði. Framhaldsfræðslan nýtur dyggilegrar aðstoðar raunfærnimats til þess að meta hæfni fólks í áframhaldandi nám. Með aðferðum raunfærnimats fær fólk fyrri reynslu, s.s. þátttöku á vinnumarkaði, metna á mótí námskrám eða hæfnikröfum starfa og getur þannig flýtt fyrir námslokum.

Háskólar og rannsóknarstofnanir gegna viðamiklu hlutverki í að ná fram áherslum stjórnvalda í gildandi stjórnarsáttmála. Eitt af mikilvægustu verkefnum á háskólastiginu er endurskoðun reglna nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla. Það skiptir miklu máli að vel takist til hér og standa vonir til að fjárhagslegir hvatar verði nýttir til að auka hlutfall brautskráðra í svokölluðum STEM fögum en það er 20% á Íslandi en yfir 25% að meðaltali í löndum OECD.

SI geta tekið undir markmið og helstu verkefni í menntamálum sem koma fram í fjármálafrumvarpinu og leggja áherslu á að stjórnvöld líti á útgjöld til menntunar sem fjárfestingu sem mun skila sér í öflugu menntakerfi sem tengir saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins á hverjum tíma.

### **Traustir innviðir undirstaða verðmætasköpunar**


Fjárfesting í efnislegum innviðum leggur grunn að hagvexti framtíðarinnar. Fjárfesting í innviðum, s.s. í höfnum, flugvöllum, vegum og brúm, eykur samkeppnishæfni og afkastagetu þjóðarbúsins sem skilar sér í aukinni verðmætasköpun og auknum gjaldeyrstekjum. Með fjárfestingum í innviðum er búinn til grunnur aukinna tekna ríkissjóðs sem leiðir til þess að ná jöfnuði að nýju í ríkisfjármálum. Fjárfesting á þessu sviði sparar einnig kostnað, fjölgar störfum og dregur úr sóuðum tíma í töfum fyrir heimili og fyrirtæki. Aukin framleiðni skilar sér síðan í lægri vöxtum og minna atvinnuleysi. Síðast en ekki síst er fjárfesting í innviðum til þess fallin að auka öryggi, draga úr slysum og bjarga mannlífum.

Fjárfesting hins opinbera í innviðum þarf ávallt að mæta þörfum atvinnulífsins og heimila. Áhersla þarf að vera lögð á fjárfestingu í innviðum sem skapa mestan þjóðhagslegan ávinning. Mikil uppsöfnuð viðhalds- og nýfjárfestingarþörf er nú í innviðakerfinu hér á landi, líkt og kemur fram í skýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga Innviðir á Íslandi 2021 – ástand og framtíðarhorfur.<sup>2</sup> Mikilvægt er að unnið sé markvisst á því að mæta þeirri þörf á næstu árum.

Mikilvæg áhersla ríkisstjórnarinnar er á að stöðva hækkun á skuldum hins opinbera. Ánægjulegt er í því sambandi að m.v. áætlun fjárlaga mun draga úr hlutfalli skulda ríkisins af landsframleiðslu á næsta ári. Hins vegar þarf að gæta að því að markmiði um lægri skuldir sé ekki náð með því að skapa viðlíka ástand og á árunum eftir efnahagsáfallið 2008 þar sem of litlum fjármunum var varið í fjárfestingar og viðhald innviða. Mikil skuldasöfnun varð þá í formi vaxandi þarfar fyrir viðhald og nýfjárfestingar í innviðakerfinu sem var velt yfir á framtíðarkynslóðir og kom niður á samkeppnishæfni og verðmætasköpun hagkerfisins.

<sup>2</sup><https://www.si.is/starfsemi/innvidir-a-islandi-astand-og-framtidarhorfur/>

### Fjárfesting ríkisins sem hlutfall af VLF



Í þessu sambandi lýsa SI áhyggjum sínum af því að dregið sé úr fjárfestingum ríkisins í frumvarpinu. Hér ber til þess að líta að frumvarpið gerir ráð fyrir lækkun fjárheimilda til samgönguinnviða nemi rúmum 2.8 ma.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum verðlagsbreytingum en þær nema samkvæmt frumvarpinu um rúman 1 ma.kr. Er samkvæmt frumvarpinu gert ráð fyrir því að hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu stjórnvalda nemi 690 m.kr. og svo er gert ráð fyrir því að 3 ma.kr. hliðrist frá árinu 2023 til ársins 2024. Fer hlutfall fjárfestinga af landsframleiðslu niður í 2,2% eftir að hafa staðið í rétt um 2,7% af landsframleiðslu árið 2021. Samdráttur í fjárfestingum ríkisins m.a. í vegakerfinu skv. frumvarpinu vekur upp ugg um að framundan sé tímabil þar sem þörf efnahagslífsins fyrir innviðauppbyggingu verði ekki mætt með fullnægjandi hætti. Hliðrun fjármuna á milli ára, sem leið til að draga úr þenslu og stemma stigu við verðbólgu, skapar ennfrémur óstöðugt starfsumhverfi fyrir fyrirtækin en samfella í verkefnum og stöðugt, hæfilegt álag í uppbyggingu innviða á þessum tímum er mikilvægt. Sér í lagi þar sem fyrirtækin eru að huga að fjárfestingum, m.a. í umhverfisvænni tækjabúnaði, til að mæta loftlagsmarkmiðum stjórnvalda. Þá mun umræddur niðurskurður leiða til þess að mikilvæg samgönguverkefni á stofnvegum kringum höfuðborgarsvæðið, til að mynda framkvæmdir á Reykjanesbraut, verði frestað áfram. Mikilvægt er að fallið sé frá þessum niðurskurði í fjárfestingum.

#### Íbúðafjárfesting – átak stjórnvalda

Með gerð rammisamnings ríkisins við sveitarfélög um aukið framboð íbúða 2023-2032 voru mörkuð skil í stefnumörkun stjórnvalda á sviði húsnæðismála þar sem ríki og sveitarfélög skuldbinda sig með skýrum hætti til að skapa stöðugan húsnæðismarkað og styðja við þróun og uppbyggingu fjölbreytts íbúðarhúsnæðis um land allt. Ljóst er af nýlegri greiningu SI og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um íbúðir í byggingu að grípa þarf til markvissra og fjármagnaðra aðgerða til að mæta íbúðarþörf landsmanna núna í dag og næstu árin.<sup>3</sup> SI eru því ánægð með það markmið stjórnvalda sem kemur fram í frumvarpinu að framboð af fjölbreyttu íbúðarhúsnæði verði tryggt á svæðum þar sem skortur hamlar þróun og uppbyggingu atvinnulífs. Er markmiðið að stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.

Það er hins vegar óhjákvæmilegur hluti íbúðauppbyggingu komandi ára að taka mið af loftlagsmarkmiðum stjórnvalda og vísa SI í því skyni til vegvísar að vistvænni mannvirkjagerð 2030.

<sup>3</sup> [https://www.si.is/media/\\_eplica-uppsetning/Talning-September-2022-Greining.pdf](https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Talning-September-2022-Greining.pdf)

Þar hafa verið sett fram metnaðarfull markmið um samdrátt í kolefnislosun íslenskra bygginga. Í vegvísinum er að finna aðgerðaráætlun þar sem skilgreindar hafa verið 74 aðgerðir í sex flokkum sem stuðla að vistvænni mannvirkjagerð. Gera samtökin við það athugasemd að í fjárlagafrumvarpinu er hvergi minnst á umræddan vegvísi. Tryggja þarf fulla fjármögnun þeirra aðgerða sem þar er að finna svo unnt sé að styðja við og tryggja að þau markmið sem sett hafa verið fram náist.

#### *Fjármögnun staðlavinnu mikilvæg*

Í umsögn SI um fjárlagafrumvarp ársins 2022 gerðu samtökin athugasemdir við vanfjármögnun staðlavinnu á Íslandi. Voru þá ítrekaðar fyrri athugasemdir og beiðni samtakanna um breytingar án árangurs. Samtökin vilja vekja því, enn á ný, athygli á vandamálinu og telja mikilvægt að stjórnvöld bregðist við og fullfjármagni þá staðlagerð sem nauðsynleg er fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag.

Staðlar eru afleiddur en órjúfanlegur hluti löggjafar um húsnæðis- og mannvirkjamál og eru notaðir af löggjafanum til að segja m.a. til um kröfur til mannvirkja og byggingarvara. Skv. ákvæðum EES samningsins ber einnig að staðfesta evrópska þolhönnunarstaðla sem íslenska og skrifa við þá íslenska þjóðarviðauka sem segja til um kröfur til þolhönnunar íslenskra mannvirkja. Þau verkefni eru unnin á vettvangi Staðlaráðs Íslands þar sem bestu sérfræðingar á sínu sviði leggja sitt af mörkum til að tryggja heildstæða löggjöf um þolhönnun. Því til viðbótar er vísað í á þriðja hundrað staðla í íslenskri byggingarreglugerð og að baki lögum um byggingarvörur liggja á sjötta hundrað staðlar til viðbótar sem segja m.a. til um framleiðslu, prófanir og CE merkingar byggingarvara.

Ljóst er að löggjöf um mannvirki er með formlegum hætti vörðuð þeim mikilvægu viðmiðum og kröfum sem hagaðilar á hverju sviði hafa komið sér saman um í stöðlum. Án fjármögnunar til stöðlunar og stöðlunarstarfs verður þessi hluti löggjafarinnar hins vegar ekki til. Afleiðing afskiptaleysis stjórnvalda er að framkvæmd þolhönnunar mannvirkja í landinu er veruleg hætta búin því kröfur um þolhönnun hvað varðar m.a. jarðskjálftaálag, snjóálag og vindálag, svo eitthvað sé nefnt, verða ekki til af sjálfu sér. Fjárhagsleg aðkoma ríkisins er nauðsynlegur og eðlilegur þáttur við vinnu slíkra staðla í ljósi þess að um afleidda og mikilvæga löggjöf sé að ræða. Tryggja verður Staðlaráði Íslands fjármagn til áframhaldandi vinnu í þessum efnunum. Leggja Samtök iðnaðarins því ríka áherslu á að í fjárlögum ársins 2023 sé komið til móts við framangreind sjónarmið og staðlagerð tryggt nægt fjármagn.

#### *Viðhald húsnæðis*

Allir vinna, með endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu iðnaðarmanna hefur skapað störf, aukið viðhald og verðmæti eigna og dregið úr svartri atvinnustarfsemi. Þegar virðisaukaskattur var lagður á í stað söluskatts á níunda áratug síðustu aldar þá var söluskattur ekki lagður á vinnu iðnaðarmanna. Við breytinguna var virðisaukaskattur vegna vinnu iðnaðarmanna endurgreiddur að fullu næstu árin en í efnahagsþrengingum á tíunda áratug síðustu aldar var endurgreiðsluhlutfallið lækkað niður í 60%. Hlutfallið var aftur hækkað í 100% árið 2009 og lækkað aftur árið 2013. Árið 2020 var hlutfallið aftur hækkað í 100% út september 2022. Þetta fyrirkomulag á sér því eðlilegar skýringar og hefur í gegnum tíðina skilað miklum árangri. Samtökin telja því eðlilegt að endurgreiðsluhlutfallið hækki á ný í 100% .

#### *Nauðsyn þess að efla Ask – mannvirkjarannsóknarsjóð.*

Áskoranir byggingar- og mannvirkjagerðar eru margvíslegar á komandi árum, ekki síst þegar kemur að hlutverki byggingariðnaðarins í loftlagsmálum.



Skortur á rannsóknum stendur í vegi fyrir hraðari uppbyggingu á vistvænu húsnæði sem og skortur á rannsóknum á vistvænu byggingarefni við Íslenskar aðstæður. Ljóst er að hinn nýstofnaði samkeppnissjóður, Askur – mannvirkjarannsóknarsjóður, er mikilvægur farvegur til eflingar á rannsóknum á þessu sviði. Árið 2021 veitti sjóðurinn 95 milljónir í styrki til nýsköpunar og rannsókna á þessu sviði og mun sjóðurinn veita styrki að sömu upphæð vegna ársins 2022. Þær fjárhæðir teljast mjög lágar ef litið er til umfangs mannvirkjageirans og þess að nú er búið er að leggja Rannsóknarstofu byggingariðnaðarins niður. Því til stuðnings má benda á að heildarfjárhæðir umsókna vegna síðasta árs námu tæpum hálfum milljarði. Samtökin benda á að afar mikilvægt sé að tryggja frekara fjármagn til sjóðsins svo unnt sé að stuðla að markvissari rannsóknum og nýsköpun á sviði mannvirkjagerðar til framtíðar, þar á meðal vistvænum byggingarefnum.

#### *Efling stafrænna innviða*

Áhersla á frekari fjárfestingu í stafrænum innviðum og stafrænni þjónustu er mikilvæg. Að mati SI hefur vel tekist til með verkefnið Stafrænt Ísland og hvetja SI stjórnvöld til að halda áfram á þeirri braut. Útboð og samstarf við upplýsingatækniiðnað við uppbyggingu stafrænnar þjónustu hins opinbera hefur verið til fyrirmyndar.

Vinnsla og hýsing gagna verða sífellt mikilvægari í viðskiptum og daglegu lífi vegna stóraukinnar notkunar á upplýsingatækni á öllum sviðum samfélagsins. Mikilvægt er að huga að samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði, meðal annars samkeppnishæfni gagnaversiðnaðar. Í því sambandi er mikilvægt að greiða úr óvissu sem verið hefur uppi í tengslum við virðisaukaskattsmál í gagnaversiðnaði. Þá þarf stöðugt að huga að því að Ísland standist alþjóðlegan samanburð á sviði stafrænna innviða og þjónustu. SI fagna því lagningu nýs fjarskiptasæstrengs til Írlands sem fyrirhugað er að taka í notkun á síðari hluta ársins 2022.

#### **Ákall um að fjárveiting vegna endurgreiðslna til kvikmyndagerðar endurspegli útgefin vilyrði**

Kvikmynda- og sjónvarpsiðnaður á Íslandi hefur verið í miklum blóma og vexti undanfarin ár. Leikur enginn vafi á að öflugt endurgreiðslukerfi vegna kvikmyndaframleiðslu hefur skipt sköpum. Endurgreiðslukerfið hefur stutt við aukna verðmætasköpun hérlendis, áhrif kerfisins á greiðslujöfnuð ríkissjóðs hafa ávallt verið jákvæð og eru þá ótalin önnur afleiðd áhrif af kvikmyndaframleiðslu svo sem gjaldeyrisöflun, sköpun beinna og óbeinna starfa og jákvæð áhrif á ferðapjónustuna.

Í þessu samhengi vilja samtökin árétta að undanfarin ár hefur fjárhæð áætlaðra endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar verið vanáætluð í fjárlögum. Þannig hafa útgefin vilyrði stjórnvalda vegna endurgreiðslna á kvikmyndaframleiðslu verið mun hærri en fjárlög kveða á um og endurgreiðslur vegna útgefina vilyrða stöðvast tímabundið þegar fjárhæð útgefina vilyrða fer yfir fjárhæð í fjárlögum. Vegna vanáætlunar stjórnvalda tekjast endurgreiðslur ítrekað.

Hefur þetta skapað mikla óvissu fyrir kvikmyndaframleiðendur sem standa frammi fyrir því að þurfa að fjármagna framleiðslu með aukinni lántöku með tilheyrandi kostnaði allt þar til endurgreiðslur berast á ný. Samkvæmt svörum Endurgreiðslunefndar til umsækjenda nú í ár voru fjármunir samkvæmt fjárlögum uppunir í júlímánuði og því ekki unnt að greiða út fyrr en með fjárlögum eða nýju fjárhagsári. Er þessi staða að koma upp fyrr á árinu miðað við greiðslustöðvun fyrri ára.

Eykur það alvarleika málsins að þann 14. júní 2022 voru samþykkt lög nr. 76/2022 um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi (hækkun hlutfalls endurgreiðslu) sem heimila 35% endurgreiðslu vegna stærri verkefna hér á landi. Þann 11. september síðastliðinn birti menningar- og viðskiptaráðuneytið umfjöllun um að stærsta kvikmyndaverkefni Íslandssögunar yrði tekið upp á Íslandi og umfang verkefnisins væri áætlað um 9 milljarðar. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslur þessa tiltekna verkefnis telji rúmlega 3 milljarða og eru þá ótalin öll önnur framleiðsluverkefni.

Að mati samtakanna er ljóst að fjárveiting til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar stenst ekki skoðun. Skýtur það skökku við að stjórnvöld auki ekki fjárveitingu í samræmi við lagabreytingar á kerfinu og vöxt greinarinnar en kjósi fremur að viðhalda vítahring sem skapar óstöðugleika og grefur undan skilvirkni endurgreiðslukerfisins. Að mati samtakanna er með öllu óásættanlegt að kvikmyndaframleiðendur þurfi að bíða milli vonar og ótta eftir aukinni fjárveitingu í fjárukalögum eða öllu verra til næsta fjárhagsárs.

Samtökin leggja til að áætluð fjárhæð vegna endurgreiðslna verði hækkuð með tilliti til raunfjárhæðar endurgreiðslna fyrra árs. Þannig myndu stjórnvöld stuðla að fyrirsjáanleika fyrir kvikmyndaframleiðendur og tryggja skilvirkni endurgreiðslukerfisins.

### Niðurskurður til kvikmyndasjóða

Hagaðilar í kvikmyndaíðnaði í samráði við stjórnvöld hafa lagt mikla vinnu í gerð heildstæðrar stefnu fyrir íslenska kvikmyndagerð sem ætlað er að styrkja íslenska menningu, tungu og samfélag. Niðurskurður sem boðaður er til kvikmyndasjóða í frumvarpi þessu nemur 433 milljónum króna sé lítið til fjárframlaga síðasta árs. Að mati SI mun slíkur niðurskurður hafa alvarlegar afleiðingar fyrir framleiðslu verkefna sem eru þýðingarmikil í listrænu og menningarlegu samhengi. Aðgerðirnar ganga í berhöggvi við Kvikmyndastefnu til ársins 2030 þar sem lögð er áhersla á varðveislu íslenskrar tungu, menningu, sjálfsmynd þjóðarinnar, eflingu íslensks atvinnulífs og sterkt orðspor Íslands. Það er ljóst að sterkara sjóðakerfi sem styður við fjölbreytt íslensk kvikmyndaverk og setning nýs styrkjaflokks fyrir sjónvarpsþáttargerð er forgangsverkefni innan Kvikmyndastefnu stjórnvalda enda tilgreint sem fyrsta aðgerð í annars metnaðarfullri áætlun. Sá niðurskurður sem boðaður er í frumvarpi þessu mun þvert á móti hafa þær afleiðingar í för með sér að færri íslensk kvikmyndaverk verða framleidd. Er þá ótalin sú röskun sem niðurskurðurinn mun hafa á framleiðslu verka sem eru á byrjunarstigum og í vinnslu.

Fyrirsjáanleiki í stuðningsumhverfi kvikmyndaíðnaðar skiptir sköpum. Ákvarðanir um fjárfestingu í verkefnum eru teknar á grundvelli opinberra vilyrða og áætlana. Um er að ræða verulegar fjárfestingar í hverju verkefni en ferli kvikmyndaverkefna frá hugmynd til sýningar telur oft á tíðum í fjölda ára. Það skiptir því sköpum að samræmi sé í opinberum yfirlýsingum og stefnum og svo aðgerðum, til að mynda fjárlögum. Mikilvægt er að framgangur þeirra verkefna sem eru í bígerð ásamt þeirri framleiðslu sem þegar er hafin verði tryggð. SI leggur áherslu á að umræddur fjárlagaliður verði endurskoðaður með tilliti til fjárveitingar síðasta árs og eftirfylgni Kvikmyndastefnu stjórnvalda til ársins 2030.


### Fyrirkomulag greiðslu á háu áfengisgjaldi skapar óhagræði

Áfengisgjald á Íslandi er það langhæsta í Evrópu og hefur gjaldið óhjákvæmilega gríðarlega mikil áhrif starfsumhverfi íslenskra áfengisframleiðenda. Áfengisgjöld á Íslandi taka mið af vinnihaldi, það er hvort er um að ræða öl, léttvín eða sterkt áfengi. Hæstu gjöldin eru lögð á flokk sterkra vína en athygli vekur að áfengisgjöld eru hlutfallslega hærrí af bjór, með minna vinnihaldi en léttvíni.

Núgildandi fyrirkomulag greiðslu áfengisgjalds felur í sér umtalsvert óhagræði fyrir framleiðendur. Óhagræðið er ekki síst fólgið í því að mikil fjárbinding er fólgin í greiðslu áfengisgjaldsins en framleiðendum bera að skila gjaldinu iðulega áður en vara hefur fengist greidd frá smásala. Verði viðskiptavinir framleiðenda gjaldþrota fæst áfengisgjaldið ekki endurgreitt. Færa þarf álagningu áfengisgjaldsins frá framleiðendum til smásöluaðila eða að framleiðandi hafi tök á því að fá áfengisgjald endurgreitt vegna gjaldþrota viðskiptavina sinna, eins og fordæmi eru fyrir með virðisaukaskattinn.

Þá er greiðslufyrirkomulagið einnig verulega bagalegt fyrir framleiðendur sem útvista framleiðslu sinni til annars aðila. Lögin virðast ekki gera ráð fyrir þeim möguleika að vörur minni framleiðenda séu framleiddar í verksmiðjum annarra, og hafa slíkir aðilar, þ.e. minni aðilar sem hafa ekki framleiðsluleyfi og útvista framleiðslu annað, í raun verið álitnir „kaupendur“ í skilningi 2. mgr. 5. gr. laga um gjald af áfengi og tóbaki. Þeir þurfa þá að leggja út fyrir áfengisgjaldinu, til framleiðsluaðilans, strax við afhendingu vörunnar án þess að eiga möguleika á að sækja um greiðslufrest. Þessu þarf að breyta með þeim hætti að allir þeir sem stunda sölu á áfengi sitji við sama borð hvað greiðslu áfengisgjalds varðar.

Virðingarfyllt,



Ingólfur Bender,  
aðalhogfræðingur SI



Sigurður Hannesson,  
framkvæmdastjóri SI